

MEDIS

Medis leitir að öflugum liðsmanni til að slást í hóp um 100 starfsmanna á Íslandi og erlendis. Medis er eitt af dótturfyrirtækjum Actavis Group og annast sölu á lyfjum og lyfjahugviti fyrir samstæðuna til annarra lyfjafyrirtækja. Velta fyrirtækisins er um 300 milljónir USD á ári og meðal viðskiptavina Medis eru öll stærstu samheitalyfjafyrirtæki heims.



Business Development Manager

Starfið tilheyrir Business Development deild Medis sem ber ábyrgð á markaðssetningu og sölu á lyfatengdu hugviti og lyfjum Actavis til annarra lyfjafyrirtækja um allan heim.

Ferilskrár fyrir þetta starf skulu vera á ensku.

Helstu verkefni:

- Tilboðsgerð og samskipti við viðskiptavini
- Samningaviðræður
- Leit að nýjum viðskiptatækifærum, auk virkrar þátttöku í áætlanagerð
- Samskipti við starfsfólk Medis og Actavis hérlendis sem erlendis

Við leitum að einstaklingi

- með háskólamenntun í lyfjafræði eða sambærilega menntun
- með starfsreynslu á sviði samningagerðar og krefjandi samskipta (kostur)
- með mjög góða ensku- og tölvukunnáttu
- sem vinnur vel undir álagi og hefur hæfni til að fylgja verkefnum eftir
- sem býr yfir mikilli samstarfs- og skipulagshæfni
- sem er sveigjanlegur og setur ferðalög ekki fyrir sig



Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir Störf í boði.
Umsóknarfrestur er til og með 29. mars nk.

Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Actavis.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir,
risaksdottir@actavis.is

Actavis
www.actavis.is

Hagsýni

Liðsheild

Heilindi

nordural.is

NA

SÉRFRÆÐINGUR Í IÐNSTÝRINGUM

Við leitum að reyndum sérfræðingi í iðntölvum og stjórnkerfum fyrir vél- og rafbúnað.

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Starfsmenn eru um 600 og veltan um 70 milljarðar króna. Árleg framleiðslugeta er um 300 þúsund tonn af hágæða áli.

Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna, endurmenntun og starfsþróun, frábæran starfsanda og samstarfsfélaga. Starfinu fylgir góð starfsaðstaða í lifandi umhverfi þar sem metnaður og fagmennska eru í fyrirrúmi.

STARFSSVIÐ:

- Viðhald og rekstur stjórnkerfa
- Bilanagreiningar
- Verkefnastjórnun
- Greining og bestun iðnstýrikerfa

Um er að ræða allar stærðir kerfa með iðntölvum og skjágæslustýringum (SCADA).

Umsóknarfrestur er til og með **30. mars**. Umsókn og ferilskrá er fyllt út á www.nordural.is. Nánari upplýsingar um starfið veita Fjalur Ríkharrósson, framkvæmdastjóri viðhaldssviðs, og Valka Jónsdóttir starfsmannastjóri í síma **430 1000**.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla í notkun iðntölva og forritunarmála
- Öryggisvitund og árvekni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, nákvæmni og öguð vinnubrögð

Öllum umsóknum verður svarað og trúnaði heitið.



Sölu- og markaðsstarf í heildverslun

Við leitum að öflugum einstaklingi í markaðs- og söluteymið okkar



Starfssvið:

- Samskipti við söluaðila
- Tilboðsgerð og sölufundir
- Ráðgjöf um notkun á vörum
- Vinna við kynningarefni
- Skipulagning kynninga og markaðsátaka

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölustörfum
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Frumkvæði, dugnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Menntun í hársnyrtingu er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Önnur menntun eða reynsla sem nýst gæti er kostur

Um er að ræða 80 – 100% starf.

Proact er faglegt og framsækið fyrirtæki sem býður upp á sterk vörumerki fyrir hársnyrtistofur og snyrtistofur auk nokkurra annarra vöruflokka. Okkar markmið er að styðja vel við okkar viðskiptavini með góðri þjónustu og reglulegum námskeiðum. Helstu vörumerki eru Matrix, Loreal Professionnel, Joico, Kérastase, Comfort Zone, Lycon.



Linnetsstigur 1 | 220 Hafnarfjörður | talent@talent.is | Sími 552-1600

Umsjón með starfinu hefur
Lind Einarsdóttir hjá Talent
Ráðningum, lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til 7.apríl.
Umsækjendur eru vinsamlega beðin að sækja um
starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

SÉRFRÆÐINGUR Í RANNSÓKNUM

► Vettvangs- og verðbréfa-
eftirlitssvið leitar að öflugum
sérfræðingi til starfa við
rannsóknir.

Laust er starf sérfræðings við rannsóknir á vettvangs- og verðbréfaeftirlitssviði Fjármálaeftirlitsins. Sviðið annast vettvangsathuganir, verðbréfamarkaðseftirlit og samtímarannsóknir þvert á þá markaði sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Rannsóknarteymi sviðsins sinnir frumrannsóknum á meintum brotum á lögum um fjármálafyrirtæki, verðbréfavíðskipti og váttryggingastarfsemi. Einnig sinnir teymið rannsóknum á háttsemi á markaði sem bendir til misferlis.

Starfssvið

- Rannsóknir er varða meint brot á lögum um eftirlitsskylda starfsemi, einkum á verðbréfa- og fjármálamarkaði
- Greining, eftirfylgni og umsjón með afdrifum mála sem send hafa verið embætti sérstaks saksóknara
- Þátttaka í innlendu og erlendu samstarfi
- Þátttaka í innra starfi Fjármálaeftirlitsins
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðeigandi háskólapróf, t.d. í viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði
- Viðeigandi reynsla af störfum á fjármálamarkaði skilyrði
- Reynsla af verðbréfamiðlun er kostur
- Rík greiningarhæfni og færni til að tjá sig í ræðu og riti er nauðsynleg
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði, metnaður og góð samskiptahæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Frekari upplýsingar veita Jónas Gauti Friðþjófsson, forstöðumaður rannsókna á vettvangs- og verðbréfaeftirlitssviði (jonasg@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson, mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlega beðin um að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl nk. Umsóknum um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Viltu ganga til liðs við Valitor?

Valitor óskar að ráða til sín
netstjóra á sviði þjónustu
og reksturs

Starfssvið:

- // Umsjón með netbúnaði og nethönnun stærri umhverfa
- // Umsjón með netöryggiskerfi og innbrotavörnum
- // Umsjón með gagnaöryggi og dulkóðun
- // Vöktun og upplýsingarýni
- // Bestun samskipta TCP/IP forrita

Menntunar- og hæfniskröfur:

- // Menntun og reynsla sem nýttist í starfi
- // Reynsla af rekstri tæknikerfa
- // Þekking og geta til að leysa tæknilega krefjandi verkefni
- // Skipulögð og öguð vinnubrögð
- // Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- // Hæfni í mannlegum samskiptum

Upplýsingar veitir Kristín Guðmundsdóttir,
kristin@hagvangur.is, 520 4700.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með **30. mars n.k.**



HAGVANGUR

Valitor er traust og alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavini sína. Gildin okkar, frumkvæði, traust og samvinna, knýja samhentan og metnaðarfullan starfshóp áfram í stöðugri viðleitni til að bæta þjónustuna.

VALITOR



Ertu rafvirki?

Orkuveita Reykjavíkur auglýsir eftir þjónustulunduðum og samskiptafærum rafvirkja til starfa á Vesturlandi. Viðkomandi mun verða staðsettur í starfsstöð Orkuveitunnar á Akranesi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Uppsetning og breytingar á mælum
- Álestur af notkunarmælum
- Eftirlit með ástandi mæla og tenginga
- Rafmagnseftirlit og spennusetningar
- Ráðgjöf til viðskiptavina og greining frávika í notkun
- Innheimta
- Ýmis þjónustuverkefni s.s. afgreiðsla þjónustubeiðna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Góð almenn tölvufærni
- Góð enskukunnátta
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Nánari upplýsingar veitir Bryndís Ernstsóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is.

Þú sækir um á ráðningavef Orkuveitunnar starf.or.is. Umsóknarfrestur er til og með 26. mars 2015.

Hvetjum bæði karla og konur til að sækja um starfið.



Orkuveita Reykjavíkur hlaut jafnréttisviðurkenningu 2002 og 2013

Orkuveita Reykjavíkur er fjölbreytt og lífandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á www.or.is



NÝ TÆKNIFÆRI HJÁ NÝHERJA

Við leitum að öflugum liðsmönnum

Þurfa að hafa brennandi áhuga á tækni, góða samskiptahæfni og ríka þjónustulund

Java forritari

Helstu verkefni:

- » Forritun, þróun og viðhald á viðbótum fyrir Atlassian Jira þjónustukerfið
- » Samþætting við önnur hugbúnaðarkerfi, LDAP og Active Directory
- » Aðkoma að öðrum forritunar- og hugbúnaðarverkefnum

Hæfniskröfur:

- » Háskólamenntun eða sambærilegt sem nýttist í starfi
- » Góð þekking á Java forritun er skilyrði
- » .NET reynsla er kostur
- » Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Kerfisstjóri í rekstrarhóp

Helstu verkefni:

- » Daglegur rekstur á kerfum Nýherja og viðskiptavina
- » Uppsetningar, breytingar, ráðgjöf, viðhald og rekstur

Hæfniskröfur:

- » Yfirgripsmikil reynsla af uppsetningu og rekstri SQL þjóna
- » Góð þekking á rekstri IIS vefþjóna, stýrikerfa og Windows netþjóna
- » Þekking á rekstri bókhaldskerfa er kostur
- » Tæknilegar vottanir og háskólamenntun er kostur

Tæknimaður á verkstæði

Helstu verkefni:

- » Þjónusta og viðgerðir á tölvubúnaði og tengdum búnaði
- » Aðstoð við viðskiptavini varðandi uppsetningu og aðlögun véla

Hæfniskröfur:

- » Rafeindavirkjun eða sambærileg menntun
- » Tölvuviðgerðir CompTIA A+ eða sambærileg námskeið
- » Góð þekking á PC stýrikerfum
- » Reynsla af tölvuviðgerðum
- » Enskukunnátta

Nánari upplýsingar veitir Elva Tryggvadóttir, elva.tryggvadottir@nyherji.is.

Umsóknarfrestur er til og með 30. mars 2015. Sótt er um störf á nyherji.is/atvinna.

Bæði kyn eru hvött til að sækja um störf.

Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

BORGARTÚNI 37
SÍMI 569 7700
WWW.NYHERJI.IS



Nýherji er samstæða fyrirtækja í upplýsingatækni. Hjá móðurfélaginu starfa 270 manns en hjá samstæðunni um 470. Dótturfélög Nýherja eru TM Software, Tempo, Applicon á Íslandi og í Svíþjóð. Félagið er skráð í Kauphöll Íslands.

Deildarstjóri símavers

Ert þú öflugur stjórnandi með framúrskarandi þjónustulund? Þá gæti starf deildarstjóra símavers hjá Vodafone verið framtíðarstarfið þitt. Símaþjónustur Vodafone sér um þann hluta þjónustulunds sem aðstoðar með farsímaþjónustu og reikninga og starfa 20 þjónustufulltrúa í deildinni. Deildarstjóri símavers gegnir lykilhlutverki á líflegum og spennandi vinnustað á markaði sem er í stöðugri þróun.

Allar nánari upplýsingar um starf og hæfniskröfur er að finna á vodafone.is/storf.

Umsóknarfrestur er til og með 29. mars 2015.

Vodafone
Góð samskipti bæta lífið

SUMARSTÖRF

AP-Prif leitar að einstaklingum í sumarstörf við ræstingar á dagvinnutíma.

Áhugasamir sendi ferilskrá á bjarki@ath-thrif.is merkt „SUMARSTARF“.



Skeiðarási 12
210 Garðabær

HELSE PERSONAL AS

Sykepleiere til Norge

Helse Personal AS søker engasjerte og faglig dyktige sykepleiere til ulike oppdrag i Norge innenfor sykehjem, hjemmesykepleie, respiratorteam og bofellesskap.

Vi tilbyr gode lønnsbetingelser og god oppfølging. Sommerbonus fra uke 26 -33. Dekker bolig og reise etter fastsatte satser.

Du må ha norsk autorisasjon som sykepleier, og beherske norsk, dansk eller svensk språk godt både skriftlig og muntlig.

Tirsdag 24/3-15 kl 10.00 til 18.00 er vi å møte på Hotel Plaza Reykjavik, og du er velkommen innom.

Send oss gjerne en mail i forkant med din CV.

Kontaktinformasjon:

Helse Personal, post@helsepersonal.no

Tlf 00 47 902 80 287

www.helsepersonal.no



Lyfjastofnun er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir velferðarráðuneytið. Helsta hlutverk hennar er að gefa út markaðsleyfi fyrir lyf á Íslandi í samvinnu við lyfjafyrirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, hafa eftirlit s.s. með lyfjafyrirtækjum og heilbrigðisstofnunum á Íslandi, meta gæði og öryggi lyfja og tryggja faglega upplýsingagjöf um lyf til heilbrigðisstarfsfólks og neytenda. Hjá Lyfjastofnun starfa 60 starfsmenn í 52 stöðugildum. Lyfjastofnun er góður vinnustaður þar sem framfylgt er stefnu um samræmingu fjölskyldulífs og vinnu. Lyfjastofnun hlaut nafnbótina Fyrirmyndarstofnun árið 2013.

Lyfjastofnun óskar að ráða fulltrúa í stoðþjónustu

Starfið er fjölbreytt og felst í þjónustu við innri og ytri viðskiptavinum stofnunarinnar. Um er að ræða 100% stöðu en til greina kemur að ráða í tvær 50% stöður. Verkefni munu breytast ört á næstu misserum þannig að um spennandi starf er að ræða.

Helstu verkefni eru m.a.:

- Símsvörun og móttaka viðskiptavina
- Utanumhald um undanþágulyfseðla
- Vinna í tölvukerfi stofnunarinnar og á innri vef
- Móttaka á póstsendingum og símbrefum til stofnunarinnar
- Umsjón með veitingum á fundi og fundarherbergjum
- Innkaup á rekstrarvörum
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur:

- Lyfjatæknimenntun er kostur
- Góð færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Góð almenn tölvuþekking og færni í að tileinka sér nýjungar
- Góð kunnátta í ensku er mikilvæg og kunnátta í norðurlandamáli kostur
- Stundvísi og samvirkusemi
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg

Frekari upplýsingar um starfið veitir Erna Jóna Gestsdóttir, deildarstjóri í síma 520 2100.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Upplýsingar um Lyfjastofnun má finna á vefsíðu stofnunarinnar www.lyfjastofnun.is.

Umsóknir um starfið, ásamt upplýsingum um fyrri störf og meðmælum óskast sendar á pósthafið atvinna@lyfjastofnun.is

Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl 2015.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Matreiðslumaður – Hrafnista í Reykjavík

Óskum eftir að ráða matreiðslumann í sumarfléysingu frá 15. maí til 1. september á Hrafnistu í Reykjavík. Unnið er á virkum dögum frá 07:00-15:00 og aðra hvora helgi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Magnús Margeirsson, forstöðumaður eldhúss (magnus.margeirsson@hrafnista.is). Umsóknarfrestur er til og með 29 mars.

Hægt er að nálgast umsóknareyðublað á heimasíðu Hrafnistu, www.hrafnista.is



GRINDAVÍKURBÆR

Laus störf við leikskólann Laut

Tvo deildarstjóra vantar til starfa í leikskólalaut í Grindavík. Um 100% starf er að ræða. Vinnutími frá kl. 08:00-16:00.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum leikskólakennara og sambands íslenskra sveitarfélaga.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Leikskólinn er fjögurra deilda leikskóli fyrir börn frá 18 mánaða - 6 ára. Við erum „Skóli á grænni grein“ og vinnum eftir Uppbygg- ingarstefnunni - Uppeldi til ábyrgðar. Gleði, hlýja og virðing eru einkunnarorð skólans. Nánari upplýsingar um leikskólann er að finna á heimasíðu hans.

Hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari er æskilegt.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg.
- Færni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Vakin er athygli á því að ef ekki fæst leikskólakennari kemur til greina að ráða annað háskólamenntað fólk eða leiðbeinendur. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 426-8396 og 847-9859. Umsóknir berist til leikskólastjóra á netfangið gleik@grindavik.is

Endurnýja þarf eldri umsóknir.

Umsóknarfrestur er til 1. apríl 2015

Jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust

VIRÐING LEITAR AÐ FRAMÚRSKARANDI OG ATORKUMIKLU STARFSFÓLKI

Í BOÐI ERU TÆKIFÆRI TIL AÐ STARFA MEÐ HÓPI AF ÖFLUGUM SÉRFRÆÐINGUM. HJÁ VIRÐINGU ER LÖGÐ ÁHERSLA Á GAGNSÆI OG HREINSKIPTNI, MANNLEGA NÁLGUN OG ÁBYRGA ARÐSEMI ÁSAMT ÞVÍ AÐ BERA VIRÐINGU FYRIR UMHVERFINU.

Framkvæmdastjóri framtakssjóða

Framtakssjóðasvið annast rekstur tveggja sjóða, Auðar I og Eddu. Á meðal eigna Auðar I eru eignarhlutir í Ölgerðinni, Já.is, Íslenska gámafélaginu og 365. Edda hefur fjárfest í tveimur félögum, Securitas og Dominos. Framtakssjóðir Virðingar eru áhrifafjárfestar sem leggja áherslu á að styðja stjórnendur með markvissum hætti í að bæta árangur félaga í eigu sjóðsins og stuðla þannig að raunverulegri verðmætasköpun.

Leitað er að öflugum og árangursdrifnum aðila með reynslu af bæði fjármálamarkaði og rekstri. Viðkomandi þarf að búa yfir djúpri þekkingu og reynslu af rekstri íslenskra fyrirtækja ásamt framsýni og útsjónarsemi til að styðja sterk stjórnendateymi til öfluga og árangursríkra verka.

Sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf

Viðkomandi þarf að hafa glögga þekkingu og góða reynslu af fjármögnun, umbreytingu og endurskipulagningu fyrirtækja og verkefnum tengdum kaupum, sölu eða sameiningu fyrirtækja. Góð alþjóðleg fjármálaþekking og tengsl eru mikilvæg.

Sérfræðingur á rekstrarsvið

Í boði er áhugavert starf á rekstrarsviði sem hentar viðskiptafræðingi eða verkfræðingi sem kys að vinna fjölbreytt verkefni og móta framtíðarstarfsferil sinn í ljósi frammistöðu.

Upplýsingar veitir:

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl.

Bráða- og göngudeild**HJÚKRUNARFRÆÐINGAR**

Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa á bráða- og göngudeild Landspítala í Fossvogi. Um er að ræða bæði sumar- og framtíðarstörf. Á deildinni er móttaka og hjúkrun sjúklinga sem leita þangað vegna sjúkdóma og slysa. Deildin er opin alla daga frá 8:00-23:30. Unnið er á tvískiptum vöktum. Starfið er umfangsmikið, fjölbreytt og lærdómsríkt. Góð aðlögun í boði.

Verkefni og ábyrgð

- Ákvarðanir og skipulag hjúkrunar meðferðar í samráði við skjólstæðinga
- Skráning hjúkrunar í samræmi við reglur Landspítala
- Fylgjast með nýjungum á sviði hjúkrunar
- Þverfagleg teymisvinna

Hæfni

- Faglegur metnaður
- Góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og jákvæðni
- Starfsreynsla æskileg
- Góð reynsla og hæfileiki til að vinna í teymi
- Íslenskt hjúkrunarleyfi skilyrði

Starfshlutfall er 50-100% og vinnu-fyrirkomulag samkomulagsatriði. Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags.

Umsóknum fylgi náms- og starfsferilskrá. Ákvörðun um ráðningu byggist á innsendum gögnum og viðtölum. Sótt er um starfið rafrænt á landspítali.is, undir „Laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl 2015.

Nánari upplýsingar veita Bryndís Guðjónsdóttir (bryngud@landspitali.is, 825 3777) og Sólveig Wium (solwium@landspitali.is, 825 3786).

Landspítali er lífandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, skilvirka verkferla, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.

ROADHOUSE

Snorrabraut

Vakstjóri/Aukavinna

Ertu hress og skemmtileg/ur og langar að koma í liðið okkar á Roadhouse? Við leitum af vakstjóra í 100% starf unnið er á vöktum 2,2,3. Einnig erum við að leita að fólki í kvöld og helgarvinnu. **Áhugasamir sendið mail á dori@roadhouse.is**

Fyrirtæki á Reykjavíkursvæðinu óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing til sölustarfa

Um er að ræða starf sölustjóra á hjúkrunarvörum og tengdum vörum til heilbrigðisgeirans um land allt. Gerðar eru ríkar kröfur um mikið frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Viðkomandi þarf að vera;

- Traustur og heiðarlegur
- Með ríka þjónustulund og frumkvæði
- Hæfni í að afla nýrra viðskiptatækifæra
- Með góða tölvuþekkingu
- Góð tækni á íslensku máli ásamt a.m.k. ensku

Umsóknir með greinagóðum upplýsingum skulu sendar á saevar@cetus.is fyrir 26.03.2015.

Almennar lyflækningar**SÉRFRÆÐILÆKNIR**

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í almennum lyflækningum. Starfið er veitt frá 1. júní 2015 eða eftir samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vinna á legudeildum
- Ráðgjöf
- Þátttaka í vaktþjónustu almennra lyflækninga
- Þátttaka í kennslu læknanema, kandidateita og deildarlækna
- Þátttaka í rannsóknarstarfi

Hæfni

- Íslenskt sérfræðileysi í almennum lyflækningum
- Breið þekking og reynsla í faginu
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð reynsla og hæfileiki til að vinna í teymi
- Frumkvæði og jákvæðni

Starfshlutfall er 100% eða eftir nánara samkomulagi. Fullt starf er bundið spítalanum eingöngu.

Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags.

Sótt er um starfið rafrænt á landspítali.is, undir „Laus störf“. Umsókn skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum, ásamt greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað. Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl 2015.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Þórdís Valtýsdóttir (sigrival@landspitali.is, 543 5256 og 825 5148).

Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Sigríði Þórdísi Valtýsdóttur, yfirlækni, LSH Almennar lyflækningar E7 Fossvogi.

Mat stöðunefndar læknaáðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á landspitali.is.

Landspítali er lífandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, skilvirka verkferla, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Starf sérfræðings

Samband íslenskra sveitarfélaga auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á kjarasviði sambandsins

Starf sérfræðings á kjarasviði felst meðal annars í:

- að vera lykilsérfræðingur í tölfræðilegum gagnagrunnum sviðsins
- að annast sérfræðiráðgjöf til sveitarfélaga vegna launaútreikninga og túlkunar kjarasamninga
- þátttöku í kjarasamningagerð f.h. stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- þátttöku í nefnda- og stjórnarstörfum í tengslum við kjaramála og önnur mál er varða íslenskan vinnumarkað
- samskiptum við stéttarfélög og aðra aðila vinnumarkaðarins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- háskólapróf sem nýttist í starfi
- reynsla af starfi hjá sveitarfélagi á sviði launaumsýslu og eða fjármála
- sérþekking á kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga
- góð almenn þekking á laga- og kjarasamningsumhverfi opinbers vinnumarkaðar
- mjög gott vald á exel
- þekking og áhugi á málefnum sveitarfélaga
- hæfni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti
- gott vald á ensku og færni í einu Norðurlandamáli

Leitað er að einstaklingi, karli eða konu, sem hefur til að bera frumkvæði, færni í mannlegum samskiptum, nákvæmni í vinnubrögðum og hæfni til að vinna sjálfstætt og með öðrum að fjölbreyttum verkefnum.

Samband íslenskra sveitarfélaga er framsækinn vinnustaður sem býður upp á opið vinnuumhverfi, samheldinn starfsmannahóp og skapar starfsmönnum gott svigrúm til starfsþróunar.

Nánari upplýsingar veitir Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs, netfang: inga.run.olafsdottir@samband.is, eða Magnús Karel Hannesson, sviðsstjóri og starfsmannastjóri, netfang: magnus.karel.hannesson@samband.is, í síma 515-4900.

Umsækjendum er bent á að frekari upplýsingar um Samband íslenskra sveitarfélaga á heimasíðunni, www.samband.is. Þar er einnig að finna starfsmannastefnu sambandsins og starfslýsingu fyrir starfið.

Umsóknir, merktar **Umsókn um starf á kjarasviði, berist eigi síðar en 31. mars 2015 til Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík.**

Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur

- kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is

capacent



Sumarafleysing

Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða í sumarstörf

Starfsmann á dreifingarskrifstofu í Reykjavík.

Helstu verkefni eru móttaka á pöntunum og aðstoð við skipulagningu á akstri. Umsækendur þurfa að vera skipulagðir með mikla þjónustulund, almenna tölvukunnáttu og geta unnið sjálfstætt.

Vana bílstjóra með CE meirapróf staðsetta í Reykjavík.

Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip. Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937.

Vana bílstjóra með CE meirapróf staðsetta á Akureyri.

Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip og vinnu í birgðastöð. Nánari upplýsingar veitir Guðjón Páll Jóhannsson í síma 550 9910.

Vana bílstjóra með CE meirapróf staðsetta á Reyðarfirði.

Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip og vinnu í birgðastöð. Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937.

Umsóknir sendist á odr@odr.is fyrir 30. mars.

Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða. Nánari upplýsingar um Olíudreifingu ehf. má nálgast á www.oliudreifing.is

HS ORKA leitar að öflugum lögfræðingi til starfa með yfirstjórn fyrirtækisins

Um er að ræða nýja stöðu í vaxandi fyrirtæki og býður starfið upp á mikla mótunarmöguleika. Hjá HS Orku hf starfa 54 starfsmenn á tveimur starfsstöðvum.

Helstu verkefni

- Vinna að ýmiss konar samningagerð.
- Umsjón útboða vegna vöru- og þjónustukaupa og verksamninga ásamt samningum þeim tengdum.
- Málefni er snúa að stjórn og hluthöfum félagsins.
- Regluvarsla.
- Samskipti við opinbera aðila er varða skýrslu-gjöf, leyfisveitingar o.fl.

Kröfur

- Háskólapróf í lögfræði eða viðskiptalögfræði.
- Mastersgráða skilyrði, LL.M. gráða æskileg.
- Góð þekking á félag-, fjármuna- og samningarétti er skilyrði.
- Þekking á lögum og reglum á orku-, umhverfis- og skipulagssviði er kostur.
- Þekking á alþjóðlegum skuldbindingum á umhverfis- og auðlindasviði er kostur.
- Nákvæmni og mjög góð færni í rituðu máli, bæði íslensku og ensku.
- Sjálfstæði í starfi, samskiptahæfni og hæfni til að vinna undir álagi.

Nánari upplýsingar veitir Petra Lind Einarsdóttir mannauðsstjóri.

Frekari upplýsingar um fyrirtækið er hægt að nálgast á www.hsorka.is.

Sótt er um starfið á heimasíðu fyrirtækisins.

Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl 2015.

HS ORKA hefur verið leiðandi í framleiðslu endurnýjanlegrar orku í 40 ár

og ætlar sér enn stærri hluti í framleiðslu á orku á umhverfisvænan hátt samfélaginu til hagsbóta.

Hjá fyrirtækinu starfar öflugur hópur sérfræðinga með mikla reynslu og þekkingu á sínu sviði.

Fyrirtækið á og rekur tvær jarðvarmavirkjanir, Orkuverid í Svartsengi og á Reykjanesi sem eru grundvöllur Auðlindagarðs hvar markmiðið er að öllum straumum sé breytt í verðmæta auðlindastrauma.

Fyrirtækið vinnur enn fremur að þróun nýrra virkjunarkosta, þ.á.m. vatnsorkuvera.

www.hsorka.is



HS ORKA



Skemmtileg störf á framsæknu hóteli – vilt þú slást í hópinn?

Í vor tökum við í notkun viðbætur við Icelandair hótél Reykjavík Marina. Með þeim opnast hótélgestum spennandi og óvenjulegt gistirými í hæsta gæðaflokki auk þess sem veitingastaðir og setustofur munu tengja hótelið, bæjarlífið og hafnarsvæðið enn sterkari böndum.

Allar þessar nýjungar kalla á fleira frábært starfsfólk. Ef þér þykir gaman að taka á móti ferðafólki, selja dagsferðir og dekra, nú eða þrifa, þjóna eða kaupa inn, skaltu kíkja á heimasíðuna okkar og sjá hvort við höfum ekki einmitt starfið sem þú leitar að.

Þú sækir um á icelandairhotels.is þar sem þú finnur líka nánari lýsingu og hæfniskröfur fyrir störfun sem í boði eru. Umsóknarfrestur er til 31. mars.

Icelandair hótél eru leiðandi félag í hótélrekstri á Íslandi og reka nú alls 22 hótél undir þremur ólíkum vörumerkjum; Icelandair hótél, Eddu hótelin og Hilton Reykjavík Nordica. Veitingarekstur félagsins er umsvifamikill á þremur veitingastöðum í Reykjavík; VOX Restaurant, Satt og Slippbarnum. Hjá félaginu starfa rösklega 800 manns ár hvert þegar mest lætur.



Allt frá fyrsta degi hafa innlendir og erlendir gestir tekið Icelandair hótél Reykjavík Marina opnum örmum og eru veitingarými og Slippbarinn á jarðhæð einhver vinsælasti samkomustaður borgarinnar.

Icelandair Hotels

www.icelandairhotels.com



Vegna skipulagsbreytinga eru eftirfarandi stöður skólastjórnenda lausar til umsóknar í Vík í Mýrdal:

- Staða skólastjóra Grunnskóla Mýrdalshrepps
- Staða skólastjóra Leikskóla Mýrdalshrepps
- Staða skólastjóra Tónskóla Mýrdalshrepps

Starfssvið:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans
- Skipulagning skólafarfa og fagleg forusta á sviði kennslu og skólaþróunar.
- Ábyrgð á samstarfi við heimili og samfélag

Menntunar og hæfniskröfur:

- Kennsluréttindi á því sviði sem sótt er um.
- Framhaldsmenntun í stjórnun og/eða uppeldis og kennslufræðum æskileg.
- Reynsla af stjórnun og rekstri.
- Metnaður, frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Leitað er að einstaklingum með áhuga á forustu í skapandi skólafarfa og hæfni til að leiða faglegt starf nemenda og starfsfólks. Laun skv. Kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi félags innan Kennarasambands Íslands.

Nánari upplýsingar um stöður skólastjóra veitir Ásgeir Magnússon sveitarstjóri sveitarstjóri@vik.is eða í síma 4871210 – 8983340. Umsóknir skal senda til Mýrdalshrepps Austurvegi 17, 870, Vík.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl n.k.

• List- og verkgreinakenndari - Sérkennari

Stöður list- og verkgreinakenndara og sérkennara við Grunnskóla Mýrdalshrepps eru einnig lausar til umsóknar frá og með næsta skólaári.

Leitað er að hæfileikaríkum og metnaðarfullum kennurum í þessa stöður. Laun skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Nánari upplýsingar um kennarastöður veitir Ragnhildur Einarsdóttir skólastjóri ragnhildur@vik.is eða í síma 4871242. Umsóknir skal senda til Mýrdalshrepps Austurvegi 17, 870 Vík.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl n.k.

Mýrdalshreppur - Austurvegi 17 - 870 - Vík - Sími 487 1210

Vík í Mýrdal

Fjölskylduvænt samfélag í fallegu umhverfi.

Mýrdalshreppur er um 500 manna sveitarfélag. Í Vík er öll almenn þjónusta svo sem leik-, grunn-, og tónskóli, heilsugæsla, dvalar- og hjúkrunarheimili og frábær aðstaða til allrar almennrar íþróttaiðkunar.

Náttúrufegurð er rómuð í Vík og nágrenni og samgöngur greiðar allt árið. Ferðaþjónusta er öflug og vaxandi í sveitarfélaginu og fjölbreyttir möguleikar á því sviði fyrir fólk með ferskar hugmyndir.



Bifvélavirki eða vélvirki óskast til starfa

Steypustöðin ehf. óskar eftir ráða bifvélavirkja eða vélvirkja til starfa einnig kemur til greina að ráða vanan viðgerðamann.

Um er að ræða framtíðarstarf.

Umsóknarfrestur er til 1. apríl 2015

Umsókum skal skilað til Árna Más Ragnarssonar

Verkstæðisformanns í Reykjavík á netfangið

arni@steypustodin.is eða í síma: 825-0722

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

Starfsmenn óskast til afleysinga á Stórhöfuðborgarsvæðinu

Hreint ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn til afleysinga á Stórhöfuðborgarsvæðinu.

Leitað er að starfsmanni sem er jákvæður, þjónustulundaður, skipulagður og sjálfstæður í vinnubrögðum.

Skilyrði fyrir ráðningu:

- Hreint sakavottorð
- Vera 20 ára eða eldri
- Góð kunnátta í ensku eða íslensku
- Bílpróf og bíl til umráða

Upplýsingar eingöngu veittar hjá Örvari G. Örvarssyni með tölvupósti á orvar@hreint.is



Reykjavík
Akureyri
Selfoss
Akranes
Hveragerði



VERKFRÆÐINGUR Í VÖRUSTJÓRNUN

Ölgerðin óskar að ráða verkfræðing til starfa við vörustjórnun. Um er að ræða fjölbreytt starf á sviði innkaupa, vörustýringar og framleiðslu. Starfið krefst daglegra samskipta við ýmsar deildir fyrirtækisins. Viðkomandi yrði staðgengill framkvæmdastjóra Vörustjórnunarsviðs.

MEGIN VERKEFNI:

- Bestun á áætlana- og innkaupaferli
- Bestun á stærð framleiðslulota og skipulagi framleiðslu
- Bestun á vörudreifingu
- Frumkvæði að endurbótum og nýjungum á sviðinu
- Aðkoma að fjárfestingum í vélbúnaði
- Önnur verkefni tengd vörustjórnun

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun í verkfræði
- Tveggja ára starfsreynsla á sviði vörustjórnunar er æskileg
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð samskiptahæfni
- Reynsla eða þekking á sviði straumlínustjórnunar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og hugmyndaauðgi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ari Eyberg hjá Intellecta (ari@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 30. mars nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

intellecta



Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði.

Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga.

Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.

ERT ÞÚ SÚ RÉTTA FYRIR OKKUR?

Við leitum að hressri og brosmildri konu á aldrinum 35-55 sem kann að selja. Elskar að stjarna við viðskiptavininn og hefur næmt auga fyrir tísku. Við bjóðum 50% starf þar sem unnið er 3 daga í viku 10-14 og 2 daga 14-18 og 1-2 laugardaga í mánuði. **Ef þetta á við um þig endilega sendið okkur umsókn með ferilsskrá á netfangið box@frett.is merkt Tiska-2103**

HOTEL KULUSUK Chef needed from 13/4 – 13/5 2015 (A la carte chef preferred)



Hotel Kulusuk is on the east coast of Greenland (1h45m flight from Reykjavik) in a small settlement with 300 people.

Job offers great opportunity to experience the beautiful Greenlandic nature and culture while cooking for guests of all nationalities.

Contact us for more info.

Hotel Kulusuk
hotelkulusuk@arcticwonder.com

Alhliða ferðapjónusta í faðmi fjalla óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi stöður:

• **Leiðsögumaður/landvörður með leigubílaréttindi**
Gott vald á ensku skilyrði ásamt því að hafa góða tilfinningu fyrir náttúrunni og þörfum fólks af ólíkum uppruna. Þarf einnig að vera léttur í lund og áráðanlegur. Leiðsöguréttindi æskileg en ekki nauðsynleg.

• Ráðskona

Þarf að vera fjölhæf, snyrtileg og glaðlynd umfram allt, ásamt því að geta bakað íslenskt bakkelsi s.s. brauð, kleinur, ástarpunga og fleira góðgæti.

• Þjónar í sal / afgreiðsla

Starfið felst í afgreiðslu, framreiðslu og eldhússtörfum auk móttöku næturgesta.

Starfskraftur þarf að vera góður í mannlegum samskiptum, framtakssamur og glaðlyndur. Góð enskukunnátta nauðsynleg og reynsla af sambærilegu starfi.



HAFNARFJÖRÐUR

www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Sumarstörf hjá Hafnarfjarðarbæ 2015

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða starfsfólk til sumarstarfa.

Eftirfarandi störf eru í boði:

Flokksstjórar í Vinnuskóla
Leiðbeinendur á íþrótt- og leikjanámskeiðum
Leiðbeinendur í skólagörðum
Leiðbeinendur á gæsluvöllum
Flokksstjórar í sérhópum

Lágmarksaldur umsækjenda um þessi störf er 21 ár (fæddir 1994)

Í februnarflokki (blómaflokki)

Í sláttuflokki

Í viðhaldsflokki

Aðstoðarleiðbeinendur á íþrótt- og leikjanámskeiðum

Aðstoðarleiðbeinendur í skólagörðum

Aðstoðarleiðbeinendur á gæsluvöllum

Aldur umsækjenda um þessi störf er 17 – 20 ára (fæddir 1995 – 1998).

Í flestum tilvikum er vinnutímabilið 6 – 7 vikur. Fjöldi vinnustunda í viku getur verið breytilegur eftir árgöngum.

Sótt er um sumarstörf rafrænt á www.hafnarfjordur.is.

Ath. að umsóknarfrestur er til 1. apríl. Ekki er tekið á móti umsóknum eftir þann tíma.

Fyrirspurnir má senda á netfangið vinnuskoli@hafnarfjordur.is



SPENNANDI TÆKIFÆRI

LNS Saga ehf. er ungt og framsækið fyrirtæki á verktakamarkaði. Við leggjum ríka áherslu á faglega þekkingu og nýjar lausnir á verkefnum.

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir reynslumiklum vinnuvélastjórnendum og viðgerðarmönnum. Við bjóðum upp á spennandi og metnaðarfullt starfsumhverfi hjá ört vaxandi verktakafyrirtæki.

VINNUVÉLASTJÓRNENDUR

Hæfniskröfur:

- Fullgild vinnuvélaréttindi
- Haldbær reynsla af stjórnun vinnuvéla (aðallega á belta- og hjólagröfur)
- Bílpróf
- Ábyrgð og samvirkusemi
- Metnaður, vinnusemi og jákvætt viðmót
- Hæfni til að tjá sig á ensku og íslensku

VIÐGERÐARMENN

Hæfniskröfur:

- Próf í vélvirkjun, bifvélavirkjun og/eða haldbær reynsla af vélaviðgerðum
- Bílpróf
- Ábyrgð og samvirkusemi
- Metnaður, vinnusemi og jákvætt viðmót
- Hæfni til að tjá sig á ensku og íslensku

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Páll Sölvason í gegnum tölvupóst: olafur.solvason@lns.is
Áhugasamir sendi umsókn í gegnum ráðningarkerfi fyrirtækisins á heimasíðu: www.lns.is (undir starfsumsókn).

Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl 2015

Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

Meðhöndlun umsókna er trúnaðarmál og öllum umsækjendum verður svarað.

LNS Saga ehf. Hlíðasmári 4 Sími +354 511 7040
201 Kópavogur Innsaga@lns.is

LNS Saga var stofnað í október 2013 og er dótturfélag norska félagsins Leonhard Nilsen & Sønner AS, sem er meðal stærstu verktakafyrirtækja Noregs.

Fyrirtækið hefur vaxið hratt undanfarin misseri og er markmið LNS Saga að vera leiðandi verktakafyrirtæki í mannvirkjagerð á Íslandi.



Sæktu um fyrir 29. mars

Ert þú nógu Nova?

SÖLU- OG ÞJÓNUSTURÁÐGJAFAR Í VERSLUN OG ÞJÓNUSTUVER

Við leitum að framúrskarandi skemmtilegum liðsfélögum til að stíga dansinn með okkur í verslunum og þjónustuveri Nova. Þetta er sannkallað draumastarf fyrir þá sem vilja umgangast glás af lífsglöðu fólki og hafa nóg að gera.

Lífsgleði, metnaður og keppnissskap eru eiginleikar sem skipta máli. Auk mikilla söluhæfileika, þjónustulundar og góðrar tölvukunnáttu. Áhugi á snjallsímum og öllu dótinu sem við erum að selja er að sjálfsögðu bráðnauðsynlegur!

